

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Garðabær, 21. maí 2025
202504-0074/A.B.
08.01

Efni: Umsögn – Lýsing – Breyting á aðalskipulagi - Bolaölduvirkjun við Fjallið eina - Sveitarfélagið Ölfus.

Vísað er til erindis frá sveitarfélaginu Ölfusi sem barst Náttúruverndarstofnun 10. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfuss 2020–2036 og fyrirhugaðs deiliskipulags á nýju orkuvinnslusvæði jarðvarmavirkjunar, svokallaðrar Bolaölduvirkjunar.

Í skipulagslýsingunni kemur fram að fyrirhuguð sé bygging jarðvarmavirkjunar við Fjallið eina, með allt að 100 MW rafafla og 133 MW varmaafli. Um er að ræða framkvæmd í nýtingarflokki rammaáætlunar sem kallar á breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag, auk umhverfismats samkvæmt lögum nr. 111/2021.

Landslag og ásjúnd

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdasvæðið sé staðsett við Fjallið eina, suðaustur af Bláfjöllum, á svæði sem samkvæmt gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfuss 2020–2036 er skilgreint sem óbyggt svæði. Svæðið er jafnframt hluti af vatnsverndarsvæði (fjarsvæði) og fellur að hluta til innan hverfisverndarsvæðis H2. Náttúruverndarstofnun bendir á að um er að ræða svæði sem er óraskað og svæðið er nýtt til útivistar.

- Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að áhersla sé lögð á nákvæma afmörkun virkjunarsvæðis, vinnuvega og lagnaleiða og að slík afmörkun byggji á mati á náttúrufarsgögnum, með hliðsjón af vistgerðum, gróðri, landslagi, útivistargildi og verndargildi jarðmyndana.

Bláfjallafólkvangur

Bláfjallafólkvangur var friðlýstur árið 1974 með auglýsingu nr. 173/1985¹ og nær yfir stórt útivistarsvæði sem liggur yfir fjallgarðinn frá Bláfjöllum til Hengils. Markmið með friðlýsingu fólkvangsins er að vernda náttúrulegt landslag svæðisins og tryggja almenningi aðgang að því til útivistar og náttúruskoðunar. Svæðið hefur mikið gildi sem útivistarsvæði fyrir

¹ https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/blafjoll_173_1985.pdf

höfuðborgarsvæðið og nærumhverfi, og er meðal þeirra svæða sem skráð eru á náttúruminjaskrá.²

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 54. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 segir að ef framkvæmdir eða önnur leyfisskyld starfsemi utan friðlýsts svæðis geta haft áhrif á verndargildi þess, beri að taka mið af því við leyfisveitingu. Þá skal leita umsagnar Náttúruverndarstofnunar áður en leyfi er veitt og setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni á hinu friðlýsta svæði.

- Að mati Náttúruverndarstofnunar ber því að taka mið af tilgangi og verndarmarkmiðum Bláfjallafólkvangs við mat á áhrifum framkvæmdarinnar.
- Þótt Bolaölduvirkjun sé fyrirhuguð utan marka fólkvangsins, getur framkvæmdin haft áhrif á heildarupplifun og útivistargildi svæðisins, m.a. með breytingum á ásýnd, aukinni umferð og hljóðmengun. Vakin er athygli á því að sérstaklega er bent á í athugasemdum við frumvarpið sem varð að náttúruverndarlögum nr. 60/2013 að áhrif skv. 54. gr. geti m.a. verið hávaði og annars konar truflun en sú sem er þar talin upp í dæmaskyni.
- Mikilvægt er að metið sé hvort þessi áhrif dragi úr aðdráttarafli svæðisins og rýri verndargildi fólkvangsins.

Hraun og jarðmyndanir

Í skipulagslýsingu kemur fram að framkvæmdasvæðið liggi að hluta á hraunbreiðu sem kennt er við Heiðina háu og runnið hefur úr Brennisteinsfjöllum fyrir meira en 4.000 árum. Þar sem hraun sem runnið hafa eftir síðjökultíma teljast jarðminjar sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, gilda um þau sérstök réttaráhrif.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að í umhverfismati komi skýrt fram hvort og með hvaða hætti fyrirhuguð framkvæmd og tengd mannvirki, svo sem lagnir, vegir og borplan, gætu raskað þessum vernduðu jarðminjum. Samkvæmt 2. mgr. áðurnefndrar 61. gr. er óheimilt að raska jarðmyndunum sem njóta verndar nema brýna nauðsyn beri til. Í slíkum tilvikum ber leyfisveitanda að leggja fram rökstuðning sem sýnir fram á:

- hvaða almannahagsmunir réttlæta röskunina,
- hvaða valkostir hafi verið skoðaðir til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum, og
- hvers vegna þeir kostir voru ekki valdir.

Að auki skal samkvæmt 5. mgr. 61. gr. rökstyðja sérstaklega ákvörðun leyfisveitanda ef hann veitir leyfi í bága við umsagnir umsagnaraðila. Þá skal jafnframt gera grein fyrir mótvægisáðgerðum og hugsanlegri endurheimt náttúruverðmæta, og senda afrit leyfis til Náttúruverndarstofnunar, sbr. 6. mgr. sömu greinar.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi

² <https://natturuminjaskra.ni.is/natturuminjar/2010201>

náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Valkostagreining

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021 og leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmda og áætlana skal við valkostagreiningu leitast við að greina raunhæfa og málefnalega valkosti framkvæmdar. Þar á meðal skal meta hvort unnt sé að forðast eða draga úr umhverfisáhrifum með vali á annarri staðsetningu, öðru umfangi eða annarri útfærslu framkvæmdar.

Í skipulagslýsingu kemur fram að fyrirhugað er að meta tvo meginvalkosti: annars vegar framkvæmd með uppbyggingu orkuvinnslusvæðis og hins vegar núllkost, þar sem svæðið haldist óbreytt. Einnig er lögð áhersla á að skoða mismunandi leiðir fyrir lagnir austan eða vestan við Geitafell.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að valkostagreiningin sé raunveruleg og byggð á samanburði sem tekur mið af vernd náttúruverðmæta og lagaumhverfi. Sérstaklega ber að:

- skoða sérstaklega hvort mögulegt sé að staðsetja virkjunarsvæðið eða hluta mannvirkja á svæðum utan skilgreindra verndarsvæða, og þar sem áhrif á verndargildi friðlýstra svæða og jarðmyndanir eru minni,
- meta hvort valkostirnir leiði til mismunandi röskunar á hraunum og jarðmyndunum sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga,
- meta hvort áhrif á Bláfjallafólkvang, s.s. ásýnd, aðgengi og upplifun, séu minni eða meiri eftir valkostum,
- greina hvaða valkostir draga mest úr umhverfisáhrifum og hvort hægt sé að samræma þá við markmið framkvæmda,
- og gera grein fyrir því með rökum ef valkostum með minni umhverfisáhrifum er hafnað.

Markmið valkostagreiningar er að tryggja að ákvörðun um skipulag og framkvæmd byggji á heildstæðu mati á náttúruverndarsjónarmiðum, verndarskuldbindingum og almannahagsmunum.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Í greinargerð kemur fram að helstu umhverfisáhrif tengist borun jarðhitahola og mannvirkjagerð, auk lagnaleiða og fráveitu. Um er að ræða framkvæmd sem fellur í A-flokk skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, og er því matsskyld. Áhersla er lögð á að framkvæmdaaðili nýti matsferlið til að greina áhrif á náttúruverðmæti og komi fram með mótvægisaðgerðir. Að mati Náttúruverndarstofnunar er brýnt að leggja áherslu á:

- mögulega losun brennisteinsvetnis (H_2S), koldíoxíðs (CO_2), metans (CH_4) og annarra lofttegunda sem geta haft áhrif á loftgæði, heilsu og vistkerfi, einkum í votlendi og nálægum gróðurlendum,
- vernd vistgerða, sérstaklega ef um er að ræða lítt raskað land,
- áhrif á landslag og sjónræn áhrif vegna staðsetningar virkjunar og lagna,
- hljóð- og titringsmengun frá borunum, sérstaklega með tilliti til útivistargildis svæðisins og nálægðar við verndarsvæði,
- áhrif á útivistarsvæði og aðgengi að þeim,
- áhrif á hraun og jarðmyndanir sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga, með hliðsjón af umfangi raskana, mögulegum valkostum og þörf fyrir mótvægisaðgerðir,
- áhrif framkvæmdarinnar á verndargildi Bláfjallafólkvangsins, þrátt fyrir að framkvæmdin sé staðsett utan marka svæðisins, m.a. vegna ásyndar, aðgengis og upplifunar gesta.

Stofnunin leggur áherslu á að við áframhaldandi vinnslu að skipulagsáætlunum og umhverfismati verði tekið fullt tillit til náttúruverndarsjónarmiða og lagaumhverfis þess.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
sérfræðingur